

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fenginni tillögu borgarráðs, sbr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hefur lögreglustjórinn í Reykjavík fallist á að opna Hafnarstræti fyrir umferð til austurs, milli Pósthússtrætis og Lækjargötu.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. mars 2002.

Böðvar Bragason,
e.u. **Ingimundur Einarsson.**

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Hveragerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkt:

Nýtt deiliskipulag við Réttarheiði, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 8. nóvember 2001.

Nýtt deiliskipulag Fagrahvammsstúns, Hveragerði, samþykkt í bæjarstjórn Hveragerðis þann 18. febrúar 2002.

Tilheyrandi greinargerðir og uppdættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulögin öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 7. mars 2002.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar,
Guðmundur F. Baldursson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Dyrhólaey, Mýrdalshreppi.

Á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps þann 14. mars 2002 var samþykkt á grundvelli 25. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 að afturkalla fyrri samþykkt um deiliskipulag Dyrhólaeyjar frá 18. maí 2000 sem auglýst var í Stjórnartíðindum B 12 2001 nr. 93.

Þetta er gert til að eyða óvissu um lögmæti fyrri samþykktar sem gerð var áður en lög nr. 170/2000 um breytingar skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 tóku gildi.

Vík, 18. mars 2002.

E.h. sveitarstjórnar,
Sveinn Pálsson skipulags- og byggingarfulltúi.